



Búfjárbeit og ágangur búfjár

Atvinnuvegaráðuneytið vill með bréfi þessu beina eftirfarandi ábendingum til þeirra sveitarfélaga þar sem málefni búfjárbeitar og ágangur búfjár kunna að koma upp.

Ráðuneytið vill með erindi þessu minna á bréf sem sent var sveitarfélögum um regluverk um búfjárbeit 14. febrúar 2024, þar sem sveitarfélög þar sem þessi mál koma til umfjöllunar voru hvött til að taka eftirtalin atriði til skoðunar:

- Að koma á skipulegu samstarfi sveitarfélaga um þessi mál meðal annars til að leita sameiginlegra lausna og deila þekkingu þar sem hún getur haft almennt gildi.
- Að fara yfir hvort til séu uppfærðar afréttarskrár í sveitarfélaginu sbr. ákvæði 6. gr. laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl., til þess að ótvírætt sé hvaða svæði innan þeirra séu afréttir og hægt sé að beita ákvæðum fjallskilalaga sem til þeirra taka.
- Að yfirfara og eftir atvikum endurskoða fjallskilasamþykktir með skipulegum hætti, með það að markmiði að nota örugglega þau verkfæri sem eru til staðar í fjallskilalögum.

Þá vill ráðuneytið einnig benda á heimild sveitarfélaga skv. lögum um búfjárhald, nr. 38/2014 til að setja samþykkt um búfjárhald. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna er sveitarfélögum heimilt að „ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.“ Þá er einnig mælt fyrir um friðun svæða í 8. og 9. gr. laga um búfjárhald þar sem umráðamaður lands getur ákveðið að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði sem tilkynnt skal til viðkomandi sveitarfélags ásamt staðfestingu búnaðarsambands að vörslulínur séu fullnægjandi. Óska ber eftir umsögn Bændasamtaka Íslands um samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald skv. 1. mgr. 4. gr. laga um búfjárhald og að fenginni umsögn skal samþykktin birt í Stjórnartíðindum svo hún öðlist gildi.

Einnig eru sveitarfélög hvött til að yfirfara og eftir atvikum endurskoða gildandi fjallskilasamþykktir. Sveitarstjórn, sem telst vera stjórn fjallskilaumdæmis, setur fjallskipasamþykkt skv. 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Í fjallskilasamþykkt er „kveðið á um ytri mörk fjallskilaumdæmis, skiptingu umdæmis í fjallskiladeildir, réttindi manna og skyldur að því er varðar afnot afrétta og annarra sameiginlegra sumarbeitalanda, fjallskil og smalanir heimalanda vor og haust, svo og um öll önnur atriði er að framkvæmd fjallskila lúta.“ Í fjallskilasamþykkt er einnig unnt að mæla fyrir um hvað telst verulegur eða óeðlilegur ágangur búfjár skv. ákvæðum laga um fjallskil, afréttarmálefni o.fl. Hvað telst vera verulegur eða óeðlilegur ágangur búfjár getur verið mismunandi eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og eftir atvikum mismunandi á milli fjallskiladeilda. Fjallskilasamþykkt öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Að lokum vill ráðuneytið einnig hvetja sveitarfélög til að nýta sér ítarlegar leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um meðferð ágangsfjár ef upp kunna að koma mál er varða ágangsfé.

24. júní 2026

Afrit: Innviðaráðuneyti, Dómsmálaráðuneyti, Bændasamtök Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.